



Keppnisreglur GoKart 2017

1. gr. Mótið.

1.1. Heiti móts: Íslandsmeistaramót í gokart

1.2. Mótið er haldið af Akstursíþróttasambandi Íslands

1.3. Ákveðið skal fyrir byrjun hvers árs hversu margar keppnir skal halda hvert ár og hjá hvaða félagi

1.4. Allar keppnir nema ein telur í lokaúrslitum. Þannig má keppandi sleppa sinni verstu keppni eða móti þegar samanlögð úrslit Íslandsmóts eru tekin saman

5. gr. Skoðun.

5.1. Ökumaður skal vera viðstaddur meðan á skoðun stendur.

5.2. Körту og dekk skal merkja eftir skoðun.

5.3. Eftirfarandi verður athugað:

a) Öryggisbúnaður ökumanns. (Hjálmur, krugi, galli, rifbeinahlíf og hanskar).

b) Almennt ástand körtunnar. (ATH! Kartan þarf að vera hrein til þess að standast skoðun).

c) Fótstig, bremsur, hjól, hjólbarðar, stýrisbúnaður, sæti og bensíntankur.

d) Mótör, mótörfestingar og púst.

e) Númer og númeraplötur.

f) Plöst. Almennt skulu plöst ver CIK-FIA merkt og vera heil og óskemmd. Þó skulu öll plöst sem flutt hafa verið inn af innflutningsaðilum gokart bíla teljast leyfileg í keppni, enda séu þau heil og óskemmd

g) Þyngingar og festingar þeirra.

h) Karta og ökumaður viktað. (Lámarks þyngd 165 kg).

i) Afturstuðari skal vera að lágmarki 120cm breiður.

5.4. Körту sem ekki stenst skoðun má vísa úr keppni án fyrirvara.

5.5. Allir keppendur og körtur verða vigtaðir í lok tímatöku og eftir hverja ekna lotu í keppninni.

6. gr. Keppnisflokkur.

6.1. Keppt er í tveim flokkur, 125cc Rotax Max Challenge Seniors og opinn 125cc flokkur þar sem allar breytingar á vél eru frjálssar en vél skal ekki hafa stæra rúmtak en 125 cc.

6.2. Mótörar. Í Rotax Max Challenge senior skal nota 125cc Rotax Max. Allar breytingar eru bannaðar. Reglur sem gilda um mótör í þessum flokki eru: Rotax Max Challenge 2010. (ARTICLE: 5 ENGINE SEALING 5.1 Engines Sealing).

Í opnum 125cc flokk eru allir 125cc mótörar og breytingar á þeim leyfðir, óháð framleiðanda.

6.3. Grind körtu: Gerð fyrir 100-125cc flokk, fjöldaframleidd frá CIK-FIA viðurkenndum framleiðanda.

6.4. Bremsur skulu einungis vera á afturöxli.

6.5. Þyngingar skulu festar tryggilega á grind eða sæti.



6.6. Keppnisnúmer skal vera sýnilegt og staðsett að framan, aftan og á sitt hvorri hlið körtunnar.

6.7. Hjólbarðar VEGA SL3 "Blue" (NordAm). Regnhjólbarðar, frjálst. (Sjá tilkynningar sem gefnar verða út fyrir hverja keppni).

6.8. Aðeins má nota þrjá þurr-dekkjaganga í mótinu sem verða að duga keppendum í öll fimm mótin sem haldin verða. Hver keppandi má nota eitt varadekk af hverri gerð í hverri keppni fyrir sig. Þetta á bæði við um dekk fyrir þurrt og blautt. Nýliðar sem aldrei hafa keppt áður í gokart fá þó að notast við þá hjólbarða sem þeir eiga, í sínar tvær fyrstu keppnir. Að þeim loknum verða þeir að nota VEGA SL3 "Blue" (NordAm) og ekki fleiri en tvo ganga.

6.9. Notkun efna sem auka mýkt og grip dekkjanna er stranglega bönnuð. (Refsing: Vísað úr keppni).

7. gr. Æfing, tímataka, uppröðun, upphitunarhringur, ræsing og þjófstart.

7.1. Æfing.

a) Skyld er að halda a.m.k. 30 mín. æfingu fyrir hverja keppni.

b) Allir keppendur þurfa að taka þátt í æfingum.

c) Keppnisstjóri getur veitt undanþágu frá æfingum eftir atvikum.

7.2. Tímataka.

a) Tímataka skal standa yfir í 15 mínútur.

b) Allir tímar skulu skráðir.

c) Klukka tímavarðar telst alltaf rétt.

d) Tími skal skráður í mín. sek. og þúsundustu hlutum úr sekúndu, (00:00:000).

e) Keppandi sem ekki nær að aka í tímatöku fær sæti aftast á ráslínu.

f) Keppandi sem mætir of seint samkvæmt dagskrá keppinnar skal færast aftur um 2 sæti eftir tímatöku, mæti keppandi yfir 30 mínútum of seint má hann ekki taka þátt í tímatöku

7.3. Uppröðun á ráslínu.

a) Raða skal á ráslínu samkvæmt tímum úr tímatöku með aðstoð ræsis.

b) Ef keppandi nær ekki út á réttum tíma á að skilja eftir autt pláss fyrir hann. Hefur hann svo

c) 30 sek. til að koma sér á ráslínu eftir að síðasta keppanda hefur verið stillt upp. Mæti keppandi

d) ekki innan tímamarka skal hann ræsa af þjónustusvæði eftir að rásmerki hefur verið gefið.

7.4. Upphitunarhringur.

a) Keppnisstjóri ákveður fjölda upphitunarhringja.

b) Dragist keppandi afturúr í upphitunarhring skal skilja eftir eyðu svo hann komist á sinn stað aftur.

7.5. Ræsing.

a) Ræst skal á ferð. (fljúgandi start).

b) Keppendur skulu ræstir 2 og 2 samhliða á ferð.

c) Ræsir skal ræsa keppnina strax eftir upphitunarhringi. Ef keppendur eru ekki á hæfilegum hraða og þétting ekki rétt milli keppenda getur ræsir seinkað ræsinguna þar til því er náð.

d) Framúrakstur í ræsingunni er ekki heimill fyrr en eftir ráslínu

e) Rásmerki er gefið fyrir framan ráslínu.



f) Ræsir skal vera þannig staðsettur að allir keppendur sjái merki hans greinilega.

7.6. Þjófstart.

- a) Reyni keppandi að bæta stöðu sína í upphitunarhring hefur hann þjófstartað.
- b) Keppendur sem ítrekað þjófstarta eða óhlýðnast ræsi má refsa með brottrekstri.
- c) Keppnisstjóri getur ákveðið að refsa fyrir þjófstart. Þjófstarti keppandi tvisvar
- d) í sömu keppni skal vísa honum úr keppninni.

8. gr. Keyrsla keppinnar.

8.1. Ekmar skulu þrjár 15 mínútna lotur á hverjum keppnisdegi.

8.2. Stig eru gefin fyrir átta fyrstu sætin í hverri lotu: 10, 8, 6, 5, 4, 3, 2, 1.

8.3. Uppröðun á ráslínu: Fyrsta lotu: Tímar úr tímatöku. Önnur lota: Sæti úr fyrstu lotu. Þriðja lota: Sæti úr annarri lotu. (Sjá viðauka sem gefinn verður út fyrir hverja keppni)

8.4. Upphitunarhringir hefjast þegar ræsir lyftir grænu flaggi.

8.5. Ræsing hefst þegar ræsir fellir græna flaggið.

8.6. Keppni er lokið þegar ræsir veifar köflóttu flaggi.

8.7. Að keppni lokinni skulu keppendur aka inn á þjónustusvæðið og mega þeir ekki yfirgefa körtuna fyrr en að vigtun lokinni, nema með leyfi keppnisstjóra.

8.8. Keppandi telst hafa lokið keppni þegar hann ekur yfir marklínu í lok hvernar lotu.

8.9. Ef keppandi stoppa vegna bilana en heldur síðan áfram keppni eftir viðgerð, þarf að ljúka 70% þeirra hringja sem sigurvegari lotunnar ók til þess að teljast hafa lokið keppni.

8.10. Einungis þeir keppendur sem ljúka lotu fá stig til meistara.

9. gr. Akstur í braut.

9.1. Ræsing

a) Keppni hefst þegar ræsir fellir græna flaggið eftir upphitunarhringi.

9.2. Framúrakstur

- a) Þegar keppandi er á fríum sjó í brautinni má hann og getur notað alla breidd hennar.
- b) Þegar hraðari keppandi sem er að reyna framúrakstur hefur náð að komast að hlið þess sem hann er að fara framúr, má hinn sami ekki svinga fram og til baka í brautinni til að hindra framúraksturinn.

Hann verður að gefa keppinautum það pláss sem hann þarf til að fara framúr og haldast innan brautarmerkinga.

c) Óheimilt er að þvinga sér framúr með því t.d. að bremsa of seint fyrir beygju þannig að viðkomandi hafi ekki fulla stjórn á körtunni og valda þannig bæði hættu fyrir sjálfan sig og aðra. Ekki má stjaka harkalega við öðrum keppanda né þvinga hann út fyrir brautarmerkingar.



- d) Óheimilt er að aka út fyrir brautarkerkingar til að vinna tíma eða hindra framúrakstur.
- e) Keppandi sem er orðinn hring á eftir verður að hleypa framúr við fyrsta tækifæri sem gefst.
- f) Ef hann tekur ekki eftir stöðu sinni verður veifað bláu flaggi honum til viðvörunar.

9.3. Hætta

- a) Sé hætta í brautinni er gulu flaggi veifað við þann stað og skal aka þar með varúð og allur framúrakstur er bannaður.
- b) Þegar rauðu flaggi er veifað ber að rétta upp hönd, hægja mikið á ferð og aka rólega að ráslínu og stöðva.
- c) Ef keppandi þarf að hægja á ferð eða stöðva skal hann rétta upp hönd.
- d) Keppandi má aldrei aka á móti umferð.

9.4. Bilun

- a) Ef keppandi þarf að fara á viðgerðarsvæði skal hann rétta upp hönd í tíma og aka rétta leið inn á svæðið.
- b) Ef karta bilar í braut skal keppandi rétta upp hönd og aka á viðgerðarsvæðið.
- c) Ef karta bilar í braut og kemst ekki á viðgerðarsvæðið skal keppandi rétta upp hönd og draga körtuna út fyrir braut, þannig að sem minnst hætta skapist fyrir aðra keppendur.
- d) Enga aðstoð má veita í braut, nema ef fjarlægja þarf körtuna vegna bilunar/óhapps.

9.5. Aldrei skulu fleiri en þrír í einu vinna við hverja körtu á viðgerðarsvæði.

9.6. Talstöðvasamband við ökumann er bannað alla keppnina.

10. gr. Refsingar.

10.1. Keppandi sem þjófstartar færast niður um 2 sæti í lok umferðar. Ef keppandi ítrekar þjófstart getur það þýtt brottrekstur úr keppninni.

10.2. Keppandi sem tekur framúr á gulu flaggi færast niður um 2 sæti í lok umferðar.

10.3. Keppandi sem sýnir ekki varúð á gulu flaggi færast niður um 1 sæti í lok umferðar.

10.4. Keppandi sem hindrar framúrakstur á bláu flaggi færast niður um 1 sæti í lok umferðar.

10.5. Keppandi sem ekur áfram eftir að hafa fengið svart flagg hlýtur brottrekstur úr umferð og ræsir aftast í næstu umferð.

10.6. Ef fleiri en þrír eru að vinna í körtu á viðgerðarsvæði eftir að keppni hefst þá færast viðkomandi keppandi aftast á ráslínu í næstu umferð.

10.7. Ef keppandi er of léttur eftir vigtun hlýtur hann ekkert stig úr þeirri umferð og ræsir aftast í næstu.

10.8. Keppandi sem stytir sér leið og hagnast um sæti við það skal gefa sætið eftir innan eins hrings eða færast niður um 2 sæti í lok lotu.



10.9. Reynist karta keppanda ólöglega breytt skal keppanda vísað úr keppni.

10.10. Sérhver röng, sviksamleg eða óíþróttamannsleg hegðun af hendi keppenda eða aðstoðarmanna mun verða dæmd af dómnefnd keppinnar sem mun refsa viðkomandi, jafnvel með brottrekstri úr keppni.

11. gr. Kærur og áfrýjanir.

11.1. Allar kærur og áfrýjanir skal leggja fram og þær meðhöndlaðar skv. Lögum Akstursíþróttasambands Íslands.

12. gr. Úrslit

12.1. Úrslit eru birt keppendum eftir hverja lotu ásamt lokaúrslitum í lok keppinnar.

12.2. Sigurvegari telst sá vera sem hlotið hefur flest stig samanlagt úr öllum lotunum.

12.3. Ef tveir eða fleiri eru jafnir að stigum eftir allar loturnar, telst sá sigurvegari sem oftast hefur verið í fyrsta sæti, ef jafnt þá öðru o.s.fr. Sé enn jafnt ráða tímar úr tímatökum.

12.4. Keppnishaldari skal koma úrslitum til skrifstofu Akstursíþróttasambandi Íslands eða fulltrúa þess samdægurs.

13. gr. Verðlaun og viðurkenningar.

13.1. Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sæti hvers keppnisdags.

13.2. Verðlaunaafhending fer fram samkvæmt dagskrá keppinnar.

14. gr. Flöggin.

Grænt: Ræsing og þegar hætta er liðin hjá.

Gult: Hætta hefur skapast í brautinni. Sýna þarf sérstaka varúð, rétta upp hönd og hægja á ferð. Stranglega bannað að taka framúr á gulu flaggi. Gult flagg gildir að næsta flaggara sem hefur ekki flagg á lofti

Blátt: Sýnt öikumanni sem hefur verið hringaður til að gefa honum til kynna að hleyppa beri framúr.

Rautt: Keppni er stoppuð. Ökumenn skulu hægja ferð og stöðva við ráslínu. Ekki má taka framúr. Ef 70% af lotu eru búin skulu úrslit miðast við síðasta ekinn hring, séu undir 70% búin af lotunni skal ræst aftur með fljúgandi starti, þetta skal samt alltaf vera ákvörðun keppnisstjórnar hverju sinni

Svart: Refsing eða brottrekstur úr keppni. Keppandi sem flaggaður er með svörtu skal aka í pít innan 3ja hringa og tala við brautarstjóra.

Hvít: Merkir að það er einn hringur eftir.

Köflótt: Tákna lok æfinga, tímatöku eða keppni. Keppandi klárar hringinn og kemur inn í pít.

15. gr. Fyrirvarar frá reglum og keppnishaldi

15.1. Lámarksfjöldi keppenda í hverri keppni eru 10. Ef sá fjöldi næst ekki getur keppnishaldari frestað keppni eða felld hana niður, allt eftir atvikum.



15.2. Keppnishaldari mun halda sig við þessar reglur eftir fremsta megni. Ef það er ekki hægt af einhverjum ástæðum mun hann semja um undanþágur til Akstursíþróttasambands ÍSÍ svo hægt sé að halda keppnina þrátt fyrir það.

15.3. Keppendum verða kynntar allar þær breytingar sem gerðar verða á reglunum og fyrirkomulagi keppinnar og ástæðum þeirra.

15.4 Liðir sem geta breyst:

a) 6.7. Hjólbarðar.

b) 7.1. Æfing.

c) 7.2. Tímataka.

1. Skyld er að halda a.m.k. 30 mín. æfingu fyrir hverja keppni.

2. Tímataka skal standa yfir í 20 mínútur.

3. Allir tímar skulu skráðir.

4. Tími skal skráður í mín. sek. og þúsundustu hlutum úr sekúndu, (00:00:000).

d) 8.1. Eknar skulu þrjár 15 mínútna umferðir á hverjum keppnisdegi.

e) 8.3. Uppröðun á ráslínu: Fyrsta umferð: Tímar úr tímatöku. Önnur umferð: Sæti úr fyrstu umferð. Þriðja umferð: Sæti úr annarri umferð.

Aðrar upplýsingar fyrir keppendur og starfsfólk:

Stakkur eftir vexti:

Allt sem við gerum varðandi keppnishaldið er sniðið eftir vexti og verða því allir keppendur og starfsfólk sem aðstoðar við keppnishaldið að sætta sig við þær breytingar sem kunna að verða svo hægt sé að halda keppni hverju sinni.

Tímatökubúnaður á keppnisstað:

Ef tímatökubúnaður verður notaður af keppnishaldara þurfa keppendur að útvega sér tímasenda sem verða að vera í körtunum svo hægt sé að taka á þeim tíma og telja hringina.

